

# *Landsímahúsið*

Thorvaldsensstræti 7

Árið 1930 tók Ríkisútlarpið til starfa. Það fluttist brátt í hið nýja hús Landssímans við Austurvöll sem varð aðalaðsetur þess þangað til það fluttist að Skúlagötu 4. Ríkisútlarpið hóf snemma að senda út leikið efni af ýmsu tagi, stutta þætti, brot úr leikritum og leikrit í heilu lagi. Urðu útlarpsleikritin fljótt ákaflega vinsæl og smám saman fastur liður í dagskrá Útlarpsins. Oft var talað um útlarpsleikritin sem hið eiginlega þjóðleikhús, þar sem öll þjóðin átti kost á að njóta þeirra.

Útlarpsleikritin áttu drjúgan þátt í eflingu íslenskrar leiklistar. Helstu leikarar landsins komu reglubundið fram í útlarpinu og urðu góðkunningjar allra landsmanna. Útlarpsleikurinn veitti leikendum tækifæri til að skóla framsögn sína og raddbeitingu í leikrænni sköpun og nýttu margir þeirra það til hins ítrasta.



Þorsteinn Ö. Stephensen varð fyrsti leiklistarstjóri Útlarps árið 1947. Hann var einnig að margra dómi mikilhæfasti útlarpsleikari Íslendinga fyrr og síðar. Þorsteinn gegndi embætti leiklistarstjóra til 1974 og flutti Útlarpið á þeim tíma fjölda leikrita eftir mörg af fremstu leikskáldum heims. Á sjötta og sjöunda áratugnum tók íslensk útlarpsleikritun fjórkippt með höfundum eins og Agnari Þórðarsyni, Jökli Jakobssyni og Oddi Björnssyni sem allir lögðu mikla rækt við útlarpsleikritið.



Haraldr Björnsson og Soffía Guðlaugsdóttir voru mikilvirk sem leikendur og leikstjórar í Útlarpinu á fyrstu árum þess.

